




Leiðbeiningar og gátlisti fyrir byggðakvóta

febrúar 2021



FISKISTOFA
TRAUST - FRAMSKÆKNI - VIRÐING

Almennar upplýsingar um byggðakvóta

Um úthlutun byggðakvóta gildir reglugerð um úthlutun aflaheimilda (byggðakvóta) til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga sem sett er fyrir hvert fiskveiðiár. Sveitarfélög geta óskað eftir sérreglum sem geta vikið frá eða verið til viðbótar almennu reglunum og þarf ráðherra að samþykkja þær.

Áður en sótt er um byggðakvóta er æskilegt að kynna sér gildandi reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa ásamt sérreglum sveitarfélaga þegar við á, sem eru aðgengilegar á vefsvæði Stjórnartíðinda (B-deild): <https://www.stjornartidindi.is/#>.

Spurt og svarað

Hvar er hægt að finna auglýsingu og umsókn um byggðakvóta?

Umsóknir um byggðakvóta eru auglýstar á vefsíðu Fiskistofu www.fiskistofa.is.

Sækja skal um byggðakvóta á vefsíðu Fiskistofu í gegnum eftirfarandi slóð: <https://gatt.fiskistofa.is/>.

Umsóknarfrestur er tvær vikur frá birtingu auglýsingar.

Hvaða fylgiskjöl þurfa að fylgja umsókn?

Yfirlýsing um vinnslusamning/a í viðhengi með umsókn, ef við á:

Bæjar- eða sveitarstjórn er falið að árita yfirlýsingu um vinnslusamning sem eigandi fiskiskips gerir við fiskkaupanda um magn afla sem landað verður til vinnslu hjá viðkomandi vinnsluaðila. Eftirfarandi þarf m.a. að koma fram í vinnslusamningnum: samningsaðilar, magn sem landað er til vinnslu og að vinnsluaðili skuldbindi sig til að vinna aflann.

Yfirlýsingin þarf því að vera árituð af bæjar-eða sveitarstjórn, kaupanda/vinnsluaðila og umsækjanda. Ef breyting verður á vinnslusamningi/samningsaðilum óskar Fiskistofa eftir nýrri yfirlýsingu á netfangið: byggdakovoti@fiskistofa.is.

Hvernig fer skipting byggðakvóta fram?

Þegar skipting byggðakvóta er reiknuð er síðasta fiskveiðiár notað til viðmiðunar. Skip eiga rétt á úthlutun í hlutfalli við landaðan afla í þorskígildum talið innan þess byggðarlags sem umsókn snýr að.

Hvenær er vilyrði fyrir byggðakvóta veitt?

Eftir að umsóknarfresti er lokið eru umsóknir yfir farnar m.t.t. þess hvort öll skilyrði séu uppfyllt. Fiskistofa kannar m.a. skráningu lögheimilis einstaklinga hjá Þjóðskrá og skráningu lögheimilis lögaðila hjá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra.

Öllum umsóknum er svarað og umsækjendur fá jafnframt yfirlit yfir vilyrði í byggðarlaginu sem sótt er um.

Er hægt að kæra ákvörðun Fiskistofu um vilyrði fyrir byggðakvóta?

Já, ákvörðun um vilyrði fyrir byggðakvóta er kæraneleg til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík eða postur@anr.is. Kærufrestur er tvær vikur frá dagsetningu ákvörðunar Fiskistofu. Úthlutun fer ekki fram fyrr en að loknum kærufresti,

Komi til þess að ákvörðun Fiskistofu um vilyrði fyrir byggðakvóta eða synjun á umsókn um byggðakvóta sé kærð til atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins getur úthlutun byggðakvóta í byggðarlaginu seinkað þar til ráðuneytið hefur úrskurðað um kærana. Í þeim tilfellum sem ráðuneytið staðfestir ákvörðun Fiskistofu er úthlutun í samræmi við áður gefið vilyrði Fiskistofu um byggðakvóta. Fari svo að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fellir úr gildi ákvörðun Fiskistofu um vilyrði fyrir byggðakvóta þarf að endurreikna úthlutun byggðakvóta í byggðarlaginu og veita ný vilyrði um byggðakvóta.

Fylgir vilyrði fiskiskipi eða útgerð?

Vilyrði fyrir úthlutun fylgir fiskiskipi en ekki útgerð.

Er kostnaður vegna úthlutunar á byggðakvóta?

Já, sjá gjaldskrá Fiskistofu: <http://www.fiskistofa.is/umfiskistofu/gjaldskra/>.

Tekið er gjald fyrir hverja úthlutun ef óskað er eftir því að hún fari fram í áföngum, að lágmarki 1/5 hverju sinni. Úthlutun fer þó ekki fram nema skilyrði um landað magn til vinnslu sé uppfyllt í sama hlutfalli á sama tíma.

Er hægt að flytja vilyrði á milli fiskiskipa?

Já, ef vilyrði er flutt á milli skipa í eigu sama lögaðila/einstaklings. Óski umsækjandi eftir að flytja vilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta á milli skipa skal senda tölvupóst og gögn til staðfestingar, eftir því sem við á, á netfangið byggdakovoti@fiskistofa.is.

Hvað telst til vinnslu á byggðakvóta?

Flökun, flatning, frysting, söltun eða hersla telst vinnsla til byggðakvóta. Litið er svo á að söltun grásleppuhroga teljist til vinnslu byggðakvóta en þrátt fyrir það teljast til byggðakvóta þorskígildi á heilum fiski.

Hvaða afli telur til mótframlags byggðakvóta?

- Afli sem landað er til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga á yfirstandandi fiskveiðiári.
- Afli sem haldið er aðskildum frá öðrum afla, ásamt því að vera vigtaður og skráður sérstaklega við vigtun á hafnarvog sem *byggðakovoti til vinnslu*.
- Afli sem ekki hefur áður verið metinn til byggðakvóta.
- Allar botnfiskaflategundir sem gefinn hefur verið út þorskígildisstuðull fyrir.
- Afli sem boðinn er upp á fiskmarkaði telur **ekki** til byggðakvóta.

Hvenær fer afhending aflamarks fram?

Pegar skilyrði um löndun mótframlags/vinnslu eru uppfyllt úthlutar Fiskistofa aflamarki á grundvelli vilyrðis. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið getur frestað úthlutun vegna kæru um skiptingu byggðakvóta. Það getur haft í för með sér tafir á afhendingu byggðakvóta í einstökum byggðarlögum.

Hér er að finna gátlista yfir þau atriði sem þarf að hafa í huga þegar sótt er um byggðakvóta.

Gátlisti - Umsókn um byggðakvóta

Helstu skilyrði fyrir veitingu vilyrðis fyrir byggðakvóta

- Er skipið með leyfi til veiða í atvinnuskyni?
- Var skipið skráð í viðkomandi byggðarlag 1. júlí árið á undan?
- Er skipið í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí árið á undan?
- Eru sérstök skilyrði til staðar fyrir veitingu vilyrðis í byggðalaginu?
- Er búið að gera vinnslusamning?
- Óskar umsækjandi eftir að flytja réttindi til úthlutunar á annað skip? Ef já, skoða kaflann spurt og svarað.

Helstu skilyrði fyrir úthlutun aflamarks

- Vigtarnótur þurfa að liggja fyrir sem staðfesta að afli hafi verið landaður innan hlutaðeigandi byggðarlags til vinnslu. Miðað er við allar botnfiskaflategundir með þorskígildisstuðul.
- Þegar afhending fer fram má ekki hafa verið flutt meira aflamark af skipi en á það í þorskígildum talið á yfirstandandi fiskveiðiári.
- Vilyrði fyrir aflamarki fellur niður að svo miklu leyti sem skilyrði fyrir úthlutun eru ekki uppfyllt í lok yfirstandandi fiskveiðiárs.
- Vigtar- og ráðstöfunarskýrslur þurfa að liggja fyrir sem staðfesta vinnslu aflans.